

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR ehf Hvalfjörður



Dags eftirlits	23.4.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	GMR ehf	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Tangavegi 7	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5406101930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Arthur Garðar Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Jónsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram þrjú ný frávík.

Áhættumat og viðbragðsáætlun liggur ekki fyrir.

Útblástursmælingar mælast yfir starfsleyfismörkum fyrir SO₂ í bláa reyk háf (frá ofni).

Kvartanir ásamt myndum hafa borist Umhverfisstofnun sem sýna töluverða rykmengun frá verksmiðjunni.

Eldri frávík eru í eftirfylgni sbr. bréf 1.mars 2014.

Hráefni er að miklu leyti komið inn í hráefnisgeymslu en enn er brotajárn á lóðinni og eitthvað af máluðum málm.

Drög að flokkunarkerfi og skráningu vinnsluefnis og úrgangs liggja fyrir en beðið er niðurstaðna efnagreininga til að fullgera áætlunina. Tímasett verkáætlun um frágang lóðar verður útbúin þegar niðurstöður efnagreininga liggja fyrir.

Rekstraraðili hefur frest til 15.júní nk. til að ljúka frágangi á olíuskiljum, lóð og að girða af lóðina. Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili óskar eftir lengri frest til október til að ljúka þessum framkvæmdum.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á eftirlitsfundi og síðan farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og lóðina.

Byrjað var á yfirferð á nýju starfsleyfi.

Nýtt starfsleyfi var gefið út 27.febrúar sl. en rekstur hófst í byrjun september 2013. Farið var yfir ákvæði um gagnaskil, skráningar og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun hefur borist áætlun um innri vöktun rekstraraðila.

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar skal skila fyrir 27.febrúar 2015.

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar liggur ekki fyrir.

Minnt var á árleg skil Græns bókhalds og útstreymisbókhalds.

GMR endurvinnslan tók þátt í opnum kynningarfundum um niðurstöður umhverfsvöktunar á Grundartanga 9.apríl sl. þar sem að kynntar voru niðurstöður útblástursmælinga sem framkvæmdar voru í janúar sl.

Þá var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu og stöðu eftirfylgnimála.

Í síðasta eftirliti komu fram 5 frávík frá tillögu að starfsleyfi. Þar af hefur tveimur frávíkum verið lokað þar sem að Umhverfisstofnun hefur borist afrit af ábyrgðartryggingarskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda og sem og upplýsingar um hávaðahönnun. Öðrum frávíkum voru gefnir frestir til úrbóta í bréfi frá 1.mars sl.

Unnið er að því að koma öllu hráefni inn í hráefnisgeymslu en enn er brotajárn m.a. málað á lóð GMR endurvinnslu, sem ekki hentar til vinnslu í verksmiðjunni. Straumteinar eru geymdir í lokuðum gámum og í hráefnisgeymslu. Frestur til úrbóta þessa frávíks rann út 12.mars sl.

Rekstraraðili hefur frest til 15.júní nk. til að ljúka frágangi olúgildra á lóð, girða af svæðið og koma á aðgangsstýringu. Í eftirlitinu kom fram að unnið er að efnagreiningum úrgangs til að meta hvort gera þurfi ráð fyrir tímabundnum úrgangsgæmslum á lóðinni. Rekstraraðili óskaði því eftir framlengdum fresti til október nk.

Áætlun flokkunarkerfi og vinnslu hráefnis var kynnt stofnuninni 27.mars sl. en beðið er eftir niðurstöðum efnagreininga til að skera úr um hentuga móttökuaðila og ráðstöfun úrgangs. Þar er skilgreind drög að ferli fyrir málaðan málm og annan úrgang sem ekki hentar til vinnslu.

Í fyrirvaralausum eftirliti 14.febrúar kom fram bilun í mengunarvarnarbúnaði sem ekki hafði verið tilkynnt um. Loftpressur í síubúnaði slógu út svo reykheinsivirki úr vinnslusal var óvirkt. Nýjar loftpressur voru komnar í gagnið næsta starfsdag. Rætt var um úrbætur frávíksins og skráningu mengunaróhappa. Eftirlit með síuhúsunum hefur verið hert en skv. drögum að viðhaldsskráningarkerfi sem sent hefur verið eftirlitsaðila.

Drög að viðhaldsskráningu (viðhaldsstjóri) hafa verið send eftirlitsaðila. Drögin eru ekki fullunnin en byrjað

er að skrá í kerfið. Sömuleiðis er haldið utanum úrgangsskráningu (magntölur) í skráningarkerfi og drög að áætlun um flokkun og ráðstöfun úrgangs sem fellur til hjá verksmiðjunni. Beðið er efnagreininga úrgangsefna til að ljúka þeirri vinnu.

Útblástursmælingar voru gerðar í byrjun janúar 2014. Ekki var unnt að mæla þungmálma og snefilefni í reykþáf frá vinnslusal (grár reykþáfur) vegna aðstæðna. Sömuleiðis mældist SO_x í útblæstri frá reykþáf frá ofni (Blái reykþáfur) yfir starfsleyfismörkum. Rekstraraðili stefnir á að láta endurtaka útblástursmælingarnar í júní nk.

Umhverfisstofnun hafa borist ábendingar um rykmengun frá GMR endurvinnslu. Í skoðunarferð var afsogsbúnaður frá vinnslusal skoðaður. Afsogsrör liggur um rjáfur fyrir ofan vinnsluofn í síuvirki og gráa reykþáfinn. Ekki er afsogsbúnaður frá hráefnagæymslunni og þar sem að málmurinn er brotinn niður í deiglurnar.

Minnt var á að rekstraraðila ber að skila útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi fyrir 1.maí ár hvert.

Frávik frá

Grein 4.4 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Áhættumat og viðbragðsáætlun liggur ekki fyrir.

Grein 2.6 í starfsleyfi

SO_x mælist 142,7 mg/Nm³ og því yfir starfsleyfismörkum

Grein 2.4 í starfsleyfi

Kvartanir með myndum til staðfestingar hafa borist vegna rykmengunar úr vinnslusal. Skv starfsleyfi skal meðferð efna sem valdið getur rykmengun fara fram í lokuðum rýmum eða eiga sér stað þar sem afsog tengist hreinsun ryks t.d. hreinsivirki fyrir útblástur.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við framsetningu í skýrslu um mengunarmælingar. Mælingar á SO_x með gasmæli er viðurkennd aðferð en þó ekki sú sama og getið er um í staðli EN 14792 eins og sagt er í skýrslunni.

Reykjavík, 18.06.2014



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.